

Atvinnuvegurinn íþróttir og tómstundir.

Sumum finnst líklega dálítið skrítið að tala um atvinnuveg í tómstundastarfi. Samt er það þannig að fjölmargir hafa beina atvinnu eða að hluta atvinnu við íþróttir og tómstundaiðkun.

Hvaða starfsemi er þetta? Hvaða mannvirki?

Íþróttir, bæði lögbundin starfsemi grunnskóla og framhaldsskóla, starfsemi íþróttafélaga og líkamsræktarstöðva og óformleg íþróttaiðkun vinahópa og almennings yfirleitt.

Undir opinber íþróttamannvirki falla þá:

Íþróttahús sem nýtt eru sem kennslustofur fyrir grunnskóla og framhaldsskóla og flest þeirra líka nýtt fyrir þjálfun hjá íþróttafélögum og fyrir útleigu til einstaklinga og hópa. Sundlaugar eru kennslustofur líka að hluta og þar fer fram þjálfun en almenningur sækir sundlaugar mikið.

Önnur íþróttamannvirki og svæði svo sem Reiðhöllin, Skautahöll, Boginn, svæði Þórs og KA, Golfvöllur, Kjarnaskógur og Skíðasvæði. Þar fer vissulega fram kennsla á vegum skóla en einungis að litlum hluta eða sem val. Þessi mannvirki eru aðallega nýtt sem æfingaaðstaða íþróttafélaga og fyrir almenningsíþróttir.

Íþróttamannvirki í einkaeigu eru fyrst og fremst líkamsræktarstöðvar sem flestar hafa ekki nema að litlu leyti samninga við sveitarfélagið eins og íþróttafélögin hafa.

Önnur tómstundastarfsemi er t.d. skátastarf, félagsmiðstöðvar í grunnskólum, Punkturinn og fleira í Rósenborg.

Listir. Mikil starfsemi er á listasviði svo sem leikklúbbur og námskeiðshald í myndlist, dansi og fleiru. Að sjálfsögðu er listkennsla í leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum og framhaldsskólum ásamt Myndlistaskólanum á Akureyri. Tónlistariðkunn kallar á mikla starfsemi á vegum sveitarfélagsins, einkarekin námskeið og fjölmargir kórar og tónlistarhópar og hljómsveitir.

Hér má spyrja hvort það eigi að telja Hof og önnur sérhæfð mannvirki í listastarfsemi með. Ketilhús, Samkomuhús og fleiri í opinberri og einkaeigu.

Dýrahald. Varla verður talað um tómstundir og tómstundastarf án þess að nefna að fjölmargir stunda hestamennsku og gæludýra eign er töluverð. Þó nokkur hópur fólks hefur atvinnu af hestamennsku en aðrir skapa sér tekjur með ræktun annarra dýra svo sem hunda og katta og af því að þjálfa eigendur og dýrin sjálf.

Hverjir hafa atvinnu af þessari starfsemi?

Umsjónarmenn íþróttahúsa og íþróttasvæða sem flestir starfa hjá Akureyrarbæ en í sumum tilfellum eru starfsmenn ráðir hjá þeim félögum sem hafa tekið að sér að reka svæði og mannvirkin. Þarna er bæði um að ræða stjórnendur og líka það fólk sem vinnur almenn störf.

Umsjónarmenn, bæði stjórnendur og aðrir sem hafa umsjón með og hirða önnur mannvirki sem nýtt eru í tómstunda og listastarfsemi.

Kennarar í listum, kórstjórar og aðrir sem hafa að einhverju leyti atvinnu af listastarfsemi.

Íþróttakennarar grunnskóla og framhaldsskóla.

Þjálfarar og aðrir leiðbeinendur í skipulögðu íþróttastarfi og aðrir starfsmenn íþróttafélaga.

Tómstundafræðingar og ófaglærðir umsjónarmenn með félagsmiðstöðvum. Flokksstjóra í vinnuskóla má að sumu leyti telja hér með, þar reynir á að stýra hópi ekki síður en að vita hvaða störf á að leysa af hendi.

Hestamenn sem hafa hestamenskuna að atvinnu sem tamningamenn eða slíkt.

Aðrir sem sinna um dýr, svo sem ræktendur, þeir sem taka að sér að leiðbeina eigendum og t.d. þjálfar hunda til starfa eða í hlýðniþjálfun fyrir venjulega eigendur.

Á öll þessi starfsemi eitthvað sameiginlegt?

Að sumu leyti er ekki litið á þessa starfsemi sem atvinnuveg. Sumt er viðurkennt þannig að það þarf menntun og þjálfun til að sinna störfunum en annað ekki. Gerðar eru miklar kröfur til þeirra sem vinna með fólkið. Íþróttakennarar og þjálfarar eiga að ljúka námi og námskeiðum. Listafólk leggur stund á listnám.

Að sumu leyti má halda því fram að stór hluti þeirra sem hafa atvinnu eða starfa að einhverju leyti við þessa íþrótt- og tómstundastarfsemi þurfi að tileinka sér sömu færni og hæfni. Mikið af starfinu eru samskipti við fólk varðandi iðkun, þjálfun, að fylgja leikreglum, umgengni og að öðru leyti það að fólk komi eðlilega fram hvert við annað. Fyrir utan sérhæfða þekkingu, færni og hæfni sem fólk þarf að hafa sem listamenn, þjálfarar, íþróttakennarar eða varðandi hirðingu mannvirkja eru samskipti, hópstjórn og slík hæfni sennilega það mikilvægasta. Slík hæfni er líka afar mikilvæg í daglegu lífi og líklegt að þeir sem fræðast og þjálfast í slíku hafi mikið gagn af því persónulega.

Sá hópur sem líklega er stærstur er fólkið sem sér um mannvirkin og til þeirra eru gerðar miklar kröfur um t.d. hreinlæti á viðkvæmum stöðum svo sem í búningsklefum en litlar formlegar kröfur eru um að sýna fram á hæfni starfsmanna til þessara starfa. Er minni ástæða til að kenna fólki að stjórna hópi í búningsklefa en á íþróttæfingu? Það er viðurkennt að búningsklefar geta verið sá staður þar sem erfiðast er fyrir suma iðkendur að vera. Svipaða sögu má segja um ýmsa þá sem sjá um önnur mannvirki fyrir íþrótt-, tómstunda- og liststarfsemi.

Hvernig getur VMA átt þátt í að mennta fólk til starfa í öllum þessum sneiðum tómstundastarfseminnar?

Hvað kennir VMA?

Ef miðað er við skólaárið 2014 – 2015 býður VMA nám á íþróttabraut, listnámsbraut og almennri braut.

Íþróttabraut leggur áherslu á að kynnst mismunandi íþróttum og hreyfingu yfirleitt, nemendur læra dálítið um þjálfun og um líkamann. Lítilsháttar umfjöllun er um tómstundastarf almennt. Nemendur fá þannig innsýn í að stýra hópum og skipuleggja íþróttastarf.

Listnámsbraut leggur áherslu á að læra að vinna úr hugmynd og tjá hana í gegnum t.d. myndverk og textíl. Hér er aðallega unnið með einstaklinginn og tjáningu hans en lítil þjálfun er í að leiða aðra í slíku starfi.

Á almennri braut hafa verið í boði áfangar sem snerta að litlu leyti tómstundastarf. Að vinna með myndbönd, skipuleggja viðburði og fleira. Varla er hægt að segja að þetta myndi heilsteypta áherslu í átt að námi fyrir störf í tómstundageiranum.

Hvað kennir VMA ekki?

Sáralítill umfjöllun er um tónlist, dans, leiklist, tónlistarflutning eða skipulag atburða, þó einhver vísir að þessu.

Umhirða dýra er nánast ekki á dagskrá í VMA.

Umsjón með mannvirkjum er mjög lítið til umræðu nema að í byggingadeild er að sjálfsögðu kennt að reka húsnæði í gegnum nám í byggingagreinum.

Á matvælabraut er dálítill þjálfun í framkomu við fólk og skipulag atburða í gegnum grunndeild í framreiðslu á mat og afgangi. Að öðru leyti er mjög lítið fjallað um það í VMA að skipuleggja atburði, sjá um búnað, taka á móti fólki, skreytingar, flutninga á búnaði, tengingar og viðhald tækja sem eru notuð í tómstundastarfi og við umhirðu mannvirkja. Nemendur á bóknámsbrautum eiga nánast ekki kost á að læra slíkt.

Ekki er hægt að læra það að styðja aðra t.d. er ekki kennsla í að vera mentor eða stuðningsaðili annars einstaklings. Þó væri slíkt mjög nytsamlegt og hægt að hafa annan áfangann sem fræðslu en hinn í því formi að hreinlega vera mentor einhvers sem þarf stuðning. Gæti falist í námi á íþrótt- / félagsvísindabraut

Hreinlæti og umhirða er kennt á matvælabraut og í sjúkraliðanámi en að öðru leyti ekki sérstaklega nema bara það sem felst í umgengni í húsinu.

Án þess að fullyrða um það má velta því fyrir sér hvort nám í VMA fjalli um eðlilegt samskipti og það hvaða áhrif slæm samskipti hafa á aðra og okkur sjálf. Ennfremur má velta því fyrir sér hvar við ræðum um einstaklingsbundna þætti sem þarf að vita um og taka tillit til, kynhneigð, fjölskylduaðstæður, tungumálastaða, fatlanir og annað sem stundum er nefnt sem hlutir sem skilgreina minnihlutahópa.

Framtíðarsýn um nám í VMA varðandi íþróttir og tómstundastarf.

Hér verður lagt til að íþróttabraut eins og hún hefur verið undanfarin ár verði grunnur að fleiri námsleiðum og fleiri útskriftarleiðum.

Hér er lagt til að hugsað verði um þrjár mismunandi námsleiðir sem allar byggja að

einhverju verulegu leyti á sameiginlegum grunni. Þjálfun og iðkun íþróttá og þekking á líkamanum verði grunnur að öllum þessum námsleiðum en sérstaklega grunnur að einni af þessum námsleiðum. Umsjón með mannvirkjum með áherslu á íþróttir og atburði tengdum þeim verði önnur námsleið en þó bara boðin á fyrst þrepi. Þriðja námsleiðin verði opnari og möguleikar á að tvíanna saman listnám, hirðingu dýra og viðburðastjórn eins og nemendur vilja og hafa möguleika á með framboði af námi á ýmsum brautum skólans. Þessi þriðja námsleið verði eingöngu í boði á öðru og þriðja hæfniprepi.

Alls gerir þetta 6 útskriftarmöguleika.

Námsleið um starfsemi líkamans, þjálfun og íþróttaiðkun. ÍÞÞ braut.

Segja má að þetta sé að mestu sú íþróttabraut sem nú er boðin, íþróttagreinar kenndar með það að markmiði að læra að iðka þær og þjálfra, skilja reglur og slíkt. Til þess þarf umtalsvert nám um líkamann, næringu og hreyfingu.

ÍÞÞ1 braut á fyrsta hæfniprepi.

Slíkt nám á fyrsta þrepi myndi fela í sér verklega áfanga í íþróttagreinum, grunnnám í þjálfun og líffærafræði en líka töluvert vinnustaðanám til viðbótar við það starfsnám sem nú er boðið í ÍÞS áföngum. Vinnustaðanámið fælist í að fylgja íþróttakennara eða þjálfara og vinna verkefni og ná færni í ákveðnum verkþáttum.

Á þessu námsþrepi væri hinsvegar ekki gerð mikil krafa um almennt bóknám og til dæmis myndu upprifjunaráfangar úr grunnskólaefni í almennum greinum fást metnir á þessari braut.

Markmiðið með þessari braut væri fyrst og fremst að efla nemandann persónulega í gegnum áhuga á íþróttum og hugsanlega efla viðkomandi sem iðkanda og ef til vill þjálfara að einhverju marki. Þjálfun tæki svo mið af þeim þjálfararéttindum sem viðkomandi fengi í gegnum íþróttahreyfinguna.

Samskipti og framkoma yrði stór þáttur í náminu og um það yrði markvisst fjallað í tengslum við alla þætti námsins.

ÍÞÞ2 braut á öðru hæfniprepi.

Til viðbótar við það nám sem gert er ráð fyrir á fyrsta þrepi er krafa um ákveðinn einingafjölda í almennum greinum og bóklegum faggreinum umfram fyrsta þrepið.

Gert er ráð fyrir umtalsverðu vinnustaðanámi þar sem bætist við fyrsta þrepið meiri greining á starfsemi og greinargerðir um hana. Hér yrði líka meiri áhersla á annað tómstundastarf og stjórnun þess. Fyrst og fremst er þessi braut þó miðuð við íþróttaiðkun og þjálfun og gæti verið algerlega sambærileg við tveggja ára íþróttabraut sem hefur verið í námskrá framhaldsskóla lengi.

Samskipti og framkoma yrði stór þáttur í náminu og um það yrði markvisst fjallað í tengslum við alla þætti námsins.

Vegna þess að hér er gerð krafa um almennt bóknám á framhaldsskólastigi má búast við því að margir nemendur myndu ljúka þessari braut og halda svo áfram til stúdentsprófs eða annars þriðja þreps lokaprófs úr framhaldsskóla.

ÍÞÞ3 braut á þriðja þrepi til stúdentsprófs.

Hér er áfram miðuð við að nemendur leggi áherslu á iðkun og þjálfun íþróttá og brautin innihaldi að mestu það sama og ÍÞÞ á fyrsta og öðru námsþrepi. Helsti munurinn í

faggreinum er að ekki yrði krafa um jafnmikið vinnustaðanáám en í stað þess komi aukin áhersla á bóknám í þeim greinum sem auka skilning á starfsemi líkamans og aldlegri líðan fólks. Ef nemandinn hefur lokið umtalsverðu vinnustaðanáámi færast það í valeiningar. Að sjálfsögðu er gerð krafa um íslensku, ensku og önnur bókleg fög til stúdentsprófs en önnur bókleg áhersla er í líffærafræði, næringarfræði, áframhald um þjálfun og lýðheilsu og á annan undirbúning fyrir frekara nám um íþróttir á háskólastigi.

Námsleið sem miðar að hæfni í umsjón með mannvirkjum. ÍþM braut.

Hér er blandað saman iðkun íþróttar og umsjón með mannvirkjum og tækjum til íþróttaiðkunnar. Íþróttagreinar, áfangar í þjálfun og um líkamsstarfsemi eru til í núverandi námi en áfangar um umsjón mannvirkja, þrif, rekstur húsnæðis og slíkt eru það ekki. Eðlilegast væri að slíkt væri að mestu leyti hugsað sem vinnustaðanáám. Ef hópur nemenda er í áfanganum má setja upp kennslustundir í VMA til að ræða málin og vinna úr vinnustaðanáminu en ef fáir stunda námið yrði það gert í heimsóknum kennara á vinnustaðinn. Í stað vinnustaðanáms á ÍþM braut með áherslu á þjálfun yrði hér lögð áhersla á umsjón og skipulag á nýtingu mannvirkja og búningasklefa. Þessi námsleið yrði eingöngu í boði á fyrsta hæfniprepi og á öðru hæfniprepi ef nemandinn stenst kröfur um almennt bóknám.

ÍþM1 braut á fyrsta hæfniprepi

Slíkt nám á fyrsta þrepi myndi fela í sér verklega áfanga í íþróttagreinum, grunnnám í þjálfun og líffærafræði en líka töluvert vinnustaðanáám til viðbótar við það starfsnám sem nú er boðið í ÍþS áföngum. Vinnustaðanámið fælist í að fylgja umsjónarmönnum mannvirkja og vinna verkefni og ná færni í ákveðnum verkþáttum varðandi það að skipuleggja og hirða tæki og mannvirki. Nemandi þyrfti að komast í vinnustaðanáám í íþróttahúsi, sundlaug og fleiri gerðum af mannvirkjum sem eru notuð í íþróttar- og tómstundastarfsemi. Á þessu námsþrepi væri hinsvegar ekki gerð mikil krafa um almennt bóknám og til dæmis myndu upprifjunaráfangar úr grunnskólaefni í almennum greinum fást metnir á þessari braut.

Áfangar úr öðrum verknámsgreinum fást líka metnir hér inn svo sem áfangar úr matvælanámi og ýmsu vernklegu námi á tæknisviði. Það má líka halda því fram að slíkt verklegt nám feli í sér hæfni sem getur vel notast við fjölbreytt störf við umsjón mannvirkja.

Markmiðið með þessari braut væri fyrst og fremst að efla nemandann persónulega í gegnum áhuga á íþróttum og hugsanlega efla viðkomandi sem mögulegan starfsmann við íþróttir, samt frekar við umsjón og hirðingu en við þjálfun. Hugsanlega ætti að tvinna saman vinnustaðanáám og möguleika á sumarstarfi og meta sumarstarfið til eininga. Samskipti og framkoma yrði stór þáttur í náminu og um það yrði markvisst fjallað í tengslum við alla þætti námsins.

ÍþM2 braut á öðru hæfniprepi.

Til viðbótar við það nám sem gert er ráð fyrir á fyrsta þrepi er krafa um ákveðinn einingafjölda í almennum greinum á öðru hæfniprepi.

Að öðru leyti er ekki reiknað með að bjóða þessa námsbraut sérstaklega á öðru hæfniprepi en vísað á ÍþT á öðru hæfniprepi. Ekki er heldur ætlunin að bjóða sérstaka námsleið á þessu sviði á þriðja þrepi. Nemendur sem ljúka fyrsta hæfniprepi og halda svo áfram

myndu fá einingar í vinnustaðanáminu metnar sem val á öðrum námsbrautum á þriðja þrepi eða færa sig inn á ÍÞT brautir.

Námsbraut með áherslu á viðburðastjórnun, tæknimál og rekstur. ÍÞT

Þessar námsleiðir einkennast af því að til viðbótar við grunnnám í íþróttagreinum og þjálfun bætast við áfangar að vali nemanda úr matvælagreinum, rekstrar- og viðskiptagreinum og/eða tæknigreinum. Aðalmarkmið brautarinnar er að undirbúa nemendur undir að skipuleggja og vinna að margvíslegum viðburðum ásamt því að kunna skil á ýmsum tæknihliðum og flutningum sem þarf að leysa þegar t.d. íþróttamannvirki eru nýtt til mótahalds og annarra viðburða umfram venjulega kennslu og þjálfun. Vegna þess að við slíka vinnu er þörf á talsverðri hæfni til skipulags er varla forsvaranlegt að bjóða séráfangna þessarar brautar á fyrsta hæfniprepi. Þó má vera að þetta sé ekki rétt. Nemendur gætu verið mjög hæfir til að sjá um allskyns tæknimál þót nám að öðru leyti gæti reynst erfitt.

ÍÞT2 á öðru hæfniprepi.

Slíkt nám á öðru hæfniprepi myndi fela í sér verklega áfanga í íþróttagreinum, grunnnám í þjálfun og líffærafræði en líka töluvert vinnustaðanám til viðbótar við það starfsnám sem nú er boðið í ÍÞS áföngum. Vinnustaðanamið fælist í að fylgja umsjónarmönnum mannvirkja og vinna verkefni og ná færni í ákveðnum verkþáttum varðandi það að skipuleggja og hirða tæki og mannvirki. Sér stök áhersla yrði samt á að nemendur tækju þátt í að skipuleggja og reka stórvíðburð í íþróttamannvirkjum. Það gætu verið stærri mót, árshátíðir og annað þar sem reynir á að skipuleggja flutninga, uppröðun húsgagna og tækja, rekstur á meðan viðburðurinn stendur og frágangur ásamt því að skila greinargóðri skýrslu sme nýtist við skipulag næsta viðburðar af sama tagi. Nemandi þyrfti að komast í vinnustaðanám í íþróttahúsi, sundlaug og fleiri gerðum af mannvirkjum sem eru notuð í íþrótt- og tómsundastarfsemi.

Á öðru hæfniprepi væri gerð krafa um almennt bóknám á öðru þrepi og til viðbótar við íþróttagreinar þurftu að koma áfangar í rekstri t.d. byrjun á bókfærslu og reikningshaldi

Markmiðið með þessari braut væri fyrst og fremst að efla nemandann persónulega í gegnum áhuga á íþróttum og viðburðum. Hugsanlega myndi þetta nám efla viðkomandi sem mögulegan starfsmann við íþróttamannvirki eða sem starfsmann íþróttafélags, samt frekar við umsjón, hirðingu og umsjón viðburða en við þjálfun. Hugsanlega ætti að tvinnna saman vinnustaðanám og möguleika á sumarstarfi og meta sumarstarfið til eininga.

Samskipti og framkoma yrði stór þáttur í náminu og um það yrði markvisst fjallað í tengslum við alla þætti námsins.

ÍÞT á þriðja hæfniprepi til stúdentsprófs.

Hér er áfram miðað við að nemendur leggi áherslu á íþróttir og tómsundir og brautin innihaldi að mestu það sama og ÍÞT á fyrsta og öðru námsprepi. Helsti munurinn í faggreinum er að ekki yrði krafa um jafnmikið vinnustaðanám en í stað þess komi val nemanda um áherslu. Einhverjir myndu nýta grunnnám í matvælagreinum sem viðbót, hlutanám í tæknigreinum myndi vera nytsamlegt og aðrir myndu leggja áherslu á viðskipta- og rekstrargreinar. Enn aðrir myndu nýta listnám sem áherslu á þessari braut þar sem listnám felst aðallega í að vinna úr hugmyndum. Nemendur sem myndu tvinnna saman íþróttir og listnám búa að athyglisverðu námi. Ef nemandinn hefur lokið umtalsverðu

vinnustaðanámi færist það í valeiningar.

Að sjálfsögðu er gerð krafa um íslensku, ensku og önnur bókleg fög til stúdentsprófs en önnur bókleg áhersla er í félagsfræði og sálarfræði. Nemendur gætu þannig undirbúið sig undir nám á háskólastigi á sviði íþróttá og tómstundastarfs. (Hér vantar mikið á útfærsluna.)

Niðurlag

Þetta er skrifað í þeirri fullvissu að starfsnám á sviði íþróttá og tómstunda eigi fullan rétt á sér eins og starfsnám á öðrum sviðum á framhaldsskólastigi. Þetta námsframboð gæti vel notast nemendum sem hafa mikinn áhuga á íþróttum og vilja helga sig starfi á því sviði með innsýn og þekkingu á íþróttum og mannvirkjunum sem þarf til að leiðarljósi. Þetta nám þarf nauðsynlega á því að halda að gott samstarf verði við sveitarfélagið og þá sem hafa umsjón með mannvirkjum og starfinu í þeim. Það gildir um skóla og íþróttafélög eins og um önnur félög og aðila sem starfa á tómstundasviði.

Mikilvægast er þó að það er full þörf á því að virkja hæfileika á sviði íþróttá, lista og félagsstarfa í náminu. Það er hugsanlegt að það geti skilað sumum nemendum verulegum persónulegum þroska að fá að nýta þá hæfileika í framhaldsskólanum.